

Varmahlíðarskóli



Skýrsla um sjálfsmat

2008 – 2009

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Um Varmahlíðarskóla	2
Þróunar og nýbreytnistarf	5
1. Erlent samstarf	5
2. Samstarfsverkefni Varmahlíðarskóla og Leikskólans Birkilundar	7
3. Skólahald í strjálbýli	8
4. Mentor	8
5. Eineltisáætlun Olweusar	8
6. Skólanámskrá	9
7. Vinir Zippýs	9
8. Verknámsdeild	10
9. Vinaverkefnið	10
10. Vinnuhópur um móttökuáætlun	11
11. Menningararfurinn og heimabyggðin, þróunarverkefni	11
Sjálfsmat	12
Almennt um gæðagreina	12
Sjálfsmatið í vetur	13
Kannanir	14
Árleg skimun kennara	14
Niðurstöður úr skimun	15
Áform um þróunar- og nýbreytnistarf	17
Áætlun um innra mat	19
Viðaukar	20

Inngangur

Samkvæmt 35. og 36. grein nýrra grunnskólalaga ber öllum grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat. Sjá grunnskólalögin nánar á eftirfarandi slóð.

<http://www.althingi.is/altext/135/s/1114.html>

Með sjálfsmatinu fer fram víðtæk gagnaöflun um skólastarfið. Árangur skólans í einstökum þáttum er metinn þar sem markmið skólans eru lögð til grundvallar sem viðmið. Í matsferlinu eru sterkir og veikir þættir skólastarfsins dregnir fram. Leitað er leiða til að viðhalda sterku þáttunum og efla þá enn frekar. Brugðist er við veikum þáttum með því að setja fram þróunaráætlun sem felur í sér umbætur á viðkomandi þætti í skólastarfinu. Þannig á sjálfsmatið ætíð að stuðla að umbótum í skólastarfi. Tilgangur þess er fyrst og fremst sá að gera góðan skóla betri. Sjálfsmat skóla er því leið til að miðla þekkingu á skólastarfinu og er liður í þróun og vexti hvers skóla.

Varmahlíðarskóli hefur notað *Gæðagreinana*, sjálfsmatskerfi að skoskum uppruna allt frá haustinu 2002. Skólaskrifstofa Skagfirðinga þýddi efnið *How good is our school* árið 1999. Nálágast má efni gæðagreinnanna á vef skólaskrifstofu Skagafjarðar.

<http://skolar.skagafjordur.is/gaedagreinar/>

Nú hefur þriðja útgáfa af *How good is our school* litið dagsins ljós og áform eru um að þýða og staðfæra þá útgáfu á næstu mánuðum. Sjá nánar síðar í sjálfsmatskýrslu

Um Varmahlíðarskóla

Varmahlíðarskóli er í Varmahlíð í Skagafjarðarsýslu og er rekinn af Sveitarfélaginu Skagafirði og Akrahreppi. Upptökusvæði skólans er í stuttu máli Varmahlíð og dreifbýli í framanverðum Skagafirði. Frá haustinu 2006 hafa allir grunnskólanemendur úr Akrahreppi sótt skóla í Varmahlíð. Nokkrir nemendur koma annars staðar að úr héraðinu. Allir nemendur utan göngufæris við skólann eru í daglegum heimanakstri.

Nýbúar voru engir að þessu sinni.

Í lok skólaársins var skipting nemenda á bekkjardeildir þessi:

1. bekkur 13 nemendur	Umsjón Helga Sjöfn Helgadóttir
2. bekkur 9 nemendur	Umsjón Sara Gísladóttir
3. bekkur 15 nemendur	Umsjón Vala Kristín Ófeigsdóttir
4. bekkur 18 nemendur	Umsjón Sigrún Benediksdóttir
5. bekkur 13 nemendur	Umsjón Kristvina Gísladóttir
6. bekkur 11 nemendur	Umsjón Helga Friðbjörnsdóttir
7. bekkur 13 nemendur	Umsjón Ásdís Sigurjónsdóttir
8. bekkur 13 nemendur	Umsjón Íris Olga Lúðvíksdóttir
9. bekkur 13 nemendur	Umsjón Ólafur Atli Sindrason
10. bekkur 12 nemendur	Umsjón Helga Sigurðardóttir

Allir bekkir eiga sína heimastofu. Tölvuver með 13 nettengdum tölvum er nýtt skv. sérstakri stundaskrá og hljóta allir nemendur skólans þjálfun í fingrasetningu, auk annarrar tölvukennslu, sem reynt er að flétta eftir megni inn í kennslu í sem flestum bóklegum greinum, þar sem við á. Nemendum í 10. bekk bauðst að nýta tölvutímana til setu í áfanganum UTN 103, í samvinnu við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki og nýttu flestir nemendur sér það. Bókasafn eða upplýsingamiðstöð skólans liggur að tölvustofunni. Þar eru fjórar nemendatölvur sem eru samnýttar með tölvuverinu þegar það á við. Textíflmennt, smíðar, heimilisfræði, vélfræði og málmsmíði eiga einnig sínar sérgreinastofur.

Starfsmenn skólans eru 40, en stöðugildin nokkru færri. Kennarar eru 16, þar af eru 4 leiðbeinendur. Hluti kennara er í hlutastarfi. Auk þess eru tveir kennarar í fæðingarorlofi og einn kennari í launalausuleyfi. Skólastjóri er starfandi svo og aðstoðarskólastjóri, sem tók við nýju starfi í upphafi skólaárs. Fjórir stuðningsfulltrúar starfa við skólann, allir í hlutastarfi. Nýr kennsluráðgjafi tók til starfa við skólann sl. haust og hefur viðveru í skólanum einn dag í viku að jafnaði og sinnir 40% starfi í Varmahlíðarskóla á móti 60% starfi við Árskóla.

Við skólann starfa húsvörður (í aðalhúsi) og umsjónarmaður íþróttamannvirkja. Aðrir starfsmenn í íþróttahúsi eru þrír. Í mötuneyti starfar ráðskona og aðstoðarráðskona ásamt tveimur öðrum starfsmönnum. Skólaliðar eru sjö. Tveir þeirra eru í fullu starfi en aðrir í hlutastörfum.

Skólastarf hefst kl. 8:30 á morgnana. Skólabílstjórar eru sex. Nokkuð er breytilegt milli vikudaga hve lengi er kennt. Á fimmtudögum eru tækifæri til félagsstarfa fyrir eldri nemendur á og er nemendum ekið heim að þeim loknum. Einnig gefst eldri nemendum kostur á fjölbreyttu félagsstarfi á vegum Friðar utan Varmahlíðar. Böll eru haldin á mánaðarfresti fyrir eldri nemendur á vegum skólans. Haldnar eru bekkjarskemmtanir fyrir yngri nemendur stöku sinnum eftir skóla.

Skólinn er einsetinn og í mötuneytinu fá nemendur og þeir starfsmenn, sem þess óska, morgunverð, hádegisverð og miðdegisdrykk á fimmtudögum. Kvöldmatur er einnig framreiddur, þegar þörf er á.

Tónlistarskóli Skagafjarðar nýtir hluta gömlu heimavistarinnar og eiga nemendur kost á að sækja tónlistarkennslu á daginn.

Þróunar- og nýbreytnistarf

Í Varmahlíðarskóla er reynt eftir megni að fylgjast með nýjustu straumum og stefnum í menntun grunnskólabarna og starfsmanna. Það er stefna skólans að hafa heimabyggðina í hávegum. Hér eru talin upp helstu atriði, sem unnið hefur verið að skólaárið 2008-2009 og falla undir þennan lið. Áhugasömum er bent á að hægt er að afla sér frekari upplýsingar um þessi verkefni í vorskýrslu skólans.

1. Erlent samstarf
2. Samstarf skólans við Leikskólann Birkilund
3. Skólahald í strjálbýli
4. Mentor
5. Eineltisáætlun Olweusar
6. Skólanámskrá
7. Vinir Zippýs
8. Verknámsdeild
9. Vinaverkefnið
10. Vinnuhópur um móttökuáætlun
11. Menningararfurinn og heimabyggðin, þróunarverkefni

1. Erlent samstarf

Verkefni 2007-2009 um orku og endurnýtanlega orku.

Eins og fram kom í vorskýrslunni 2008 er Varmahlíðarskóli þátttakandi í fjölbjóðlegu verkefni sem fjallar um orku og endurnýjanlega orkugjafa. Verkefnið er til tveggja ára og styrkt af Comeníusarsjóði. Löndin sem taka þátt eru: Þýskaland, Frakkland, Ítalía, Svíþjóð, England og Ísland.

Með styrkveitingunni er ætlast til að kennarar nemendanna sem taka þátt í verkefninu heimsæki alla þátttökuskólana á þeim tveimur árum sem verkefnið stendur yfir.

Vinna nemendanna í 8. bekk (en þau byrjuðu á verkefninu í 7. bekk) hófst með því að nemendur bjuggu til vindmyllur og fundu út hversu þunga hluti þær gátu lyft miðað við vindinn sem var úti. Einnig fóru nemendur og heimsóttu Skagafjarðarveitur á Sauðárkróki og fengu þar útlistanir á borholunum og fl. Síðan kom starfsmaður Skagafjarðarveitna, Gunnar Björn Rögnvaldsson, í heimsókn í skólann og sýndi nemendum með tölvum og teikningum hvar búið er að leggja heitt vatn um Skagafjörð til húshitunar. Einnig sýndi hann þeim borholuhúsin í Reykjarhólnum og útskýrði starfsemi þeirra. Þessar upplýsingar um jarðvarma ásamt kynningu á skólanum og nágrenni hans voru notaðar til að búa til bók sem send var til hinna landanna til kynningar. Einnig var gerð vefsíða fyrir öll löndin þar sem komu fram upplýsingar um endurnýtanlega orku í hverju landi.

Í vetur héldum við áfram að senda veðurupplýsingar einu sinni í mánuði milli skólanna.

Í nóvember fór bekkurinn í heimsókn í Byggðasafnið í Glaumbæ, þar reyndu nemendur að setja sig inn í hvernig lífið var fyrir tíma rafmagns og upphitunar húsa.

Mánaðarlega voru send fimm orð á milli skólanna til að nemendur heyri framburð og læri nokkur orð í málum samstarfsþjóðanna. Bréfaskriftir voru þónokkrar á milli nemenda skólanna, fóru þær fram á ensku. Jólakort voru búin til og send auk smá jólagjafa sem voru búnar til og sendar á milli skólanna.

Í mars var haldin lokakynning fyrir foreldra og aðra gesti, þar sem vinnan tengd þessu verkefni var til sýnis, þar fluttu nemendur fyrirlestra um framleiðslu rafmagns með jarðvarma, vatnsorku, sólarorku, vindorku, sjávarfallaorku, orku úr lífmassa og hvernig heimili geta sparað rafmagnsnotkun (en þeir voru búnir að gera glærusýningu um verkefnin). Þau unnu landafræðikynningu á samstarfslöndunum sem var sett upp til sýnis. Einnig bökuðu þau og matreiddu rétti frá þessum löndum og gáfu gestum á lokahátíðinni.

Að þessu starfi nemenda hafa komið margir kennarar skólans svo sem enskukennarar, landafræðikennari, heimilisfræðikennari og eðlisfræðikennarinn sem mest hefur mætt á.

Verkefnið hefur sameiginlega heimasíðu á Yahoo-vefnum þar sem hver skóli setur inn upplýsingnar frá sér. Verkefninu lýkur með heimsókn 2.-11. júní nk. til skólanna á Ítalíu og fara þangað þrír kennarar frá Varmahlíðarskóla.

Nýtt samstarfsverkefni fyrirhugað

Á haustdögum 2008 fékk Varmahlíðarskóli styrk til að undirbúa nýtt Comeniusarsamstarf. Heiti verkefnisins er *Healthy child - happy child* og er ætlað fyrir nemendur á miðstigi grunnskóla. Aðstoðarskólalastjóri fór á undirbúningsfund ásamt fulltrúum úr skólum í Danmörku og Spáni. Fundurinn var haldinn í Cádiz á Spáni. Önnur lönd hafa síðar bæst í hópinn þ.e. Tyrkland og Finnland. Sótt hefur verið um styrk fyrir verkefnið og upplýsingar um styrkveitingu eru væntanlegar í júní.

2. Gaman saman samstarfsverkefni Varmahlíðarskóla og Leikskólans Birkilundar

Verkefnið byggir á gagnkvæmum heimsóknum milli skólahóps leikskólans og allra bekkja grunnskólans. Vorið 2007 var stofnaður vinnuhópur um verkefnið og hefur það verið starfrækt síðan. Markmiðið er að auka félags- og tilfinningaþroska nemenda og undirbúa skólahóp leikskólans undir skólaveru. Verkefnið hefur gengið mjög vel, bekkir skólans hafa farið í heimsókn á leikskólann. Þar hefur verið leikið, lesið og sungið. Skólahópurinn hefur komið meðal annars í myndmennt hjá 2. bekk, tölvutíma hjá 1. bekk, sund með 8. bekk, smíðar með 9. bekk, og heimilisfræði hjá 5. bekk. Einnig hafa yngstu bekkir skólans og skólahópur leikskólans farið saman í vettvangsferðir um nágrenni skólanna að vori og hausti. Skólahópur hefur fengið að koma á generalprufu fyrir jólahátíð skólans og einnig fyrir árshátíð yngri nemenda og 1. bekkur fór á generalprufu fyrir útskrift skólahóps leikskólans. Að mati kennara og leikskólakennara hefur verkefnið gengið mjög vel og ekkert nema gleði og gaman sem hefur fylgt því.

3. Skólahald í strjálbýli

Vorverkefni nemenda miðuðust sem fyrr við það markmið að laga skólahaldið að hinu dreifbýla samfélagi í heimabyggðinni. Um það bera aðrar skýrslur vitni.

4. Mentor

Á starfsdögum í upphafi skólaárs fengu allir kennarar námskeið í notkun Mentors. Fulltrúi frá Mentor kom og hélt fyrirlestur um nýjungar í Mentor m.a. um leiðsagnarmat og fleira. Eftir fyrirlesturinn fengu starfsmenn verklega þjálfun í leiðsagnarmati í Mentor í litlum hópum. Námskeiðið var fyrir alla kennara í grunnskólunum í Skagafirði á sérstökum fræðsludegi sem haldinn var 19. ágúst. sl. á Sauðárkróki.

5. Eineltisáætlun Olweusar

Áfram var unnið undir merkjum Olweusar. Eitt af skilyrðunum fyrir því er að skólinn starfi eftir og birti eineltisáætlun skólans. Hún hefur verið til á myndrænu formi, og hangið uppi í skólanum um nokkurra ára skeið og eineltisáætlunina er að finna á vef skólans. Í haust tók við nýr verkefnastjóri í Olweusaráætluninni, Helga Harðardóttir kennsluráðgjafi. Hefur hún sótt námskeið í vetur til Reykjavíkur fyrir nýja verkefnastjóra. Í haust var haldið námskeið fyrir nýtt starfsfólk í skólanum og það starfsfólk sem hafði ekki áður fengið sérstaka fræðslu um Olweusaráætlunina. Námskeiðið var í tvennu lagi. Á fyrri hluta námskeiðsins fékk starfsfólk fræðslu um Olweusaráætlunina og markmið hennar. Á síðari hluta námskeiðsins fengu starfsmenn m.a. verklega þjálfun þar sem bekkjarfundarformið, hlutverkaleikir og fl. var æft. Fjórir lykilmenn störfuðu í skólanum í vetur og skipulögðu starfið ásamt verkefnastjóra. Á fyrsta umræðufundi starfsfólks var farið yfir átaksáætlun Olweusar gegn einelti og eftirlitskerfið tekið sérstaklega fyrir. Vetrarstarfið var með svipuðum hætti og undanfarin ár. Bekkjarfundir voru haldnir vikulega í öllum bekkjum. Eineltisreglur voru yfirfarnar í öllum bekkjum og hengdar upp í bekkjarstofum. Einu sinni á önn var almennur starfsmannafundur þar sem farið var yfir alla bekki í skólanum. Olweusarkönnun var lögð fyrir í nóvember hjá nemendum í 4.-10. bekk. Niðurstöður úr könnuninni bárust í janúar og voru í kjölfarið kynntar á starfsmannafundi. Helstu niðurstöður voru einnig kynntar

nemendum auk þess sem skoða má þær í gagnasafni á heimasíðu skólans. Bryddað var upp á þeirri nýbreytni að halda Olweusardag hátíðlegan í skólanum 25. mars sl. Þar var hefðbundið skólastarf brotið upp hluta úr degi og kennarar, stuðningsfulltrúar og skólaliðar unnu að fjölbreyttum verkefnum með nemendum. Tveir árgangar unnu saman að verkefnum sem mörg hver eru nú til sýnis í skólanum. Verkefnið sem nemendur unnu voru afar metnaðarfull og miðuðu að því að vinna í anda Olweusar þar sem hver einstaklingur fær að njóta sín í samfélagi við aðra. Átak gegn einelti er orðinn fastur liður í starfi skólans og allir meðvitaðir um hversu mikilvægt er að fyrirbyggja einelti og taka strax á málum sem upp koma.

6. Skólanámskrá

Þessum lið mætti skipta í þrjá þætti:

- I. Pési – almenni hluti skólanámskrárinnar. Hann var endurskoðaður haustið 2006 og gefinn út á Netinu, undir vef Varmahlíðarskóla. Ákveðið var að gefa hann ekki út á prenti að þessu sinni.
- II. Starfsmannahandbók. Vinna að efnisöflun fyrir starfsmannahandbókina hefur að mestu legið niðri í vetur en vonir standa til að hún verði tilbúin í handriti vorið 2010.
- III. Skólanámskrá - námsáætlanir

7. Vinir Zippýs

Í haust fóru umsjónarkennarar í 3. og 4. bekk á námskeið um geðræktarverkefnið *Vini Zippýs*, sem Lýðheilsustöð býður grunnskólum að kostnaðarlausu. Í kjölfarið var námsefnið um Vini Zippýs notað í þessum bekkjum. Námsefnið er mjög skemmtileg og vel útfært fyrir kennara. Efninu fylgja nákvæmar kennsluleiðbeiningar. Reynsla kennara af notkun námsefnisins í vetur er m.a. sú að námsefnið í óbreyttri mynd henti fremur 1. og 2. bekk en töluverðar tilfæringar þarf til að gera námsefnið áhugavert fyrir eldri nemendum. Að inntak efnisins eigi erindi til allra en útfærsla þess henti hvorki þroskastigi

né félagslegri getu barna í 3. og 4. bekk. Kennarar telja að vel megi nota verkefnið fyrir nemendur 3. og 4. bekkjar en einungis með þeim fyrirvara að kennari sé tilbúinn til að aðlaga efnið námshópnum hverju sinni.

8. Verknámsdeild

Á vordögum 2008 var ákveðið að leggja meiri áherslu á verknám fyrir nemendur með sérþarfir. Haustið 2008 var verknámsdeildin stofnuð og sá Einar Örn Einarsson leiðbeinandi um handleiðslu hennar. Nokkrir nemendur á unglingastigi voru að mestu leyti í verknámi bæði í skólanum og utan hans. Það er óhætt að segja að þetta fyrirkomulag hafi tekist mjög vel og ástæða er til að halda á sömu braut næstu misseri.

9. Vinaverkefni

Vinaverkefnið er samstarfsverkefni leik-, grunn- og framhaldsskóla, frístundadeildar og foreldra í Skagafirði. Varmahlíðarskóli á fulltrúa í vinateyminu sem sett var á laggirnar í skólabyrjun. Selma Barðdal uppeldis- og sálfræðiráðgjafi hjá skólaskrifstofu veitir teyminu forstöðu. Grunnhugmynd vinaverkefnisins er að ekkert barn í Skagafirði upplifi vinalausa æsku og að það þurfi heilt þorp til að ala upp barn. Vinaverkefnið hófst formlega vorið 2008. Verkefnið er styrkt af styrktarsjóðnum *Sáttmáli til sóknar*.

Markmið vinaverkefnisins:

- Að fjalla á jákvæðan hátt um virðingu í samskiptum, vináttu og velferð barna og unglunga
- Að samræma áherslur þeirra sem koma að leik og starfi með börnum og unglingum í því skyni að búa börnum og unglingum hvetjandi umhverfi
- Að leggja áherslu á styrkleika og möguleika hvers einstaklings svo að allir fái notið sín á eigin forsendum í samfélagi við aðra
- Að efla samkennd og samstarf allra þeirra sem koma að uppeldi barna og unglunga

10. Vinnuhópur um móttökuáætlun

Varmahlíðarskóli á tvo fulltrúa í vinnuhópi sem hefur það hlutverk að marka stefnu móttökuáætlunar fyrir grunnskólana í Skagafirði. Þóra Björk Jónsdóttir sérkennslu- og kennsluráðgjafi hjá Skólaskrifstofu veitir vinnuhópnum forstöðu. Á vegum vinnuhópsins var haldin svokölluð millimenningarsmiðja þriðjudaginn 5. maí. Þar tóku nokkrir starfsmenn Varmahlíðarskóla þátt. Hulda Karen Daníelsdóttir kennsluráðgjafi í nýbúafræðslu hjá Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða sá um að leiða starfið sem þar fór fram. Vinnuhópurinn mun væntanlega halda áfram störfum á næsta skólaári.

11. Menningararfurinn og heimabyggðin, þróunarverkefni

Hugmyndin með þessu verkefni er að nemendur taki fyrir einn þátt menningararfsins, kynni sér hann og komi á framfæri á netinu. Verkefnið var unnið með nemendum 7. bekkjar. Í vetur hafa nemendur tekið fyrir nokkrar skagfirskar þjóðsögur. Byrjuðu þeir á að lesa þær og finna skýringar á þeim orðum sem þeir ekki skildu, en margar þjóðsögurnar eru á eldra máli en núna telst daglegt mál. Í myndmennt gerðu þeir teikningar við sögurnar. Þeir æfðu upplestur á sögunum og í hljóðveri Tónlistarskólans var síðan lesturinn tekinn upp. Handrit var unnið upp úr sögunni af Silfrúnarstaða-Skeljungu og var hluti af vorverkefnatímanum notaður til að gera stuttmynd eftir handritinu. Voru leiknu atriðin aðallega tekin upp á Tyrfingsstöðum á Kjálka og við Skeljungssteininn í Norðurárdal. Ekki vannst tími fyrir skólaslit til að ljúka við að klippa myndina og bíður það haustsins. Fenginn var aðili til að gera vefsíðu af Skagafirði og merkja þá staði sem sögunum tengjast og setja inná upplestur nemendanna og myndskreytingar. Á vefsíðuna verður stuttmyndin einnig sett þegar búið verður að vinna hana. Styrkur fékkst frá Menningarráði Norðurlands vestra og Sáttmála til sóknar í Skagafirði til að vinna þetta verkefni. Ásdís Sigurjónsdóttir er umsjónarmaður verkefnisins.

Sjálfsmat

Almennt um Gæðagreina

Skólinn byggir sjálfsmat sitt á Gæðagreininum. Sjálfsmatslíkan þetta er skoskt að uppruna og byggir á áralangri þróun. Skólaskrifstofa Skagfirðinga gekkst fyrir þýðingu á efninu árið 1999 og hefur það í framhaldi af því verið notað í grunnskólunum í Skagafirði og víðar um land. Nú er þriðja útgáfan af *How good is our school* komin út og áform eru uppi um að þýða og staðfæra efnið á íslensku. Sótt hefur verið um styrk til þess verkefnis í Sáttmálasjóðinn af Þóru Björk Jónsdóttur sérkennslu- og kennsluráðgjafa hjá Skólaskrifstofu Skagafjarðar og Helgu Harðardóttur kennsluráðgjafa hjá Árskóla og Varmahlíðarskóla. Ráðgert er að nýjungar í Gæðagreininum verði innleiddar á næstu misserum í skólanum. Nálgastr má efni *How good is our school* á eftirfarandi slóð. <http://www.hmie.gov.uk/documents/publication/hgiosjte3.pdf>

Í gömlu Gæðagreinaútgáfunni byggir líkanið á því að skólastarfinu sé skipt í sjö lykilþætti, sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti eða þemu.

Lykilþættirnir eru:

1. Námskrá
2. Árangur
3. Nám og kennsla
4. Stuðningur við nemendur
5. Starfsandi
6. Nýting mannafla, fjármagns og aðstöðu
7. Stjórnun, forysta og trygging gæða.

Fyrir þessa lykilþætti alla skal gefa einkunn, ýmist eina heildareinkunn eða greint niður í einstök þemu. Einkunnin skal vera á bilinu 1 – 4, samkvæmt eftirfarandi skala:

4	<i>Mjög gott</i>	- Afar sterkur þáttur
3	<i>Gott</i>	- Sterk atriði veigameiri en slök
2	<i>Sæmilegt</i>	- Mikilvæg atriði slök
1	<i>Ófullnægjandi</i>	- Afar slakur þáttur

Vinnubrögð í gæðagreinavinnu eru skilgreind í fjórum skrefum.

1. *Skilgreining lykilþátta*, undirþátta eða þemu eftir því sem við á.
2. *Skilgreining viðmiða*, hvað þarf til að standa undir einkunninni 4 og viðhalda henni. Einnig eru viðmið skilgreind fyrir einkunnirnar 1, 2 og 3.
3. *Greining sterkra og veikra þátta*, umsögn og einkunnagjöf.
4. *Skilgreining leiða til að ná hámarkseinkunn*, eða að viðhalda henni. Stefnumótun eftir því sem við á.

Í nýju útgáfunni hefur nýjum gæðagreinum verið bætt við, auk þess sem öðrum hefur verið hent út. Einkunnaskalanum hefur verið breytt og byggir hann nú á einkunnagjöf í sex þrepum. Gera má ráð fyrir að vinnu við að þýðingu og staðfæringu á Gæðagreinunum verði lokið á haustmánuðum 2009. Ætlunin er að Gæðagreinarnir verði aðgengilegir bæði í bókarformi og á vef, vistuðum hjá Skólaskrifstofu Skagfirðinga.

Sjálfsmatið í vetur

Í vetur voru gæðagreinar 4 og 5 metnir skv. áætlun um sjálfsmat skólans sem birt er í sjálfsmatsskýrslu síðasta skólaárs. Kennarar, stuðningsfulltrúar og skólaliðar mátu gæðagreini 4 um *stuðning við nemendur*. Allt starfsfólk skólans tók þátt í að meta gæðagreini 5 um *starfsandann*. Það var í fyrsta sinn sem annað starfsfólk en kennarar og stjórnendur tóku þátt í sjálfsmatsvinnu skólans. Áður en sú vinna fór fram fengu starfsmenn kynningu og upprifjun á gæðagreinunum frá kennsluráðgjafa. Farið var yfir hugmyndafræðina að baki gæðagreinunum og hvernig hægt er að nota þá til umbóta í skólastarfinu. Kynnt var m.a. hvernig Árskóli, sem notað hefur þetta sjálfsmatskerfi frá

árinu 1999, hefur smíðað nýja gæðagreina og þannig lagað gæðagreinana enn frekar að sérstöðu skólans og skólastarfinu.

Matið á lykilþáttum 4 og 5 gekk vel. Starfsfólkið vann bæði að mati á undirþáttum gæðagreinanna og gerði þróunaráætlanir þar sem þörf var á.

Kannanir

Í Varmahlíðarskóla eru kannanir lagðar fyrir reglulega. Árlega er könnun lögð fyrir foreldra nemenda í 2., 4., 7., og 10. bekk á foreldradegi í nóvember. Nemendakannanir fyrir eldri bekki skólans eru lagðar fyrir með nokkru millibili, síðast vorið 2006. Þriðja hvert ár er lögð könnun fyrir starfsmenn skólans, nú síðast vorið 2008. Niðurstöður þessara foreldra- og nemendakannana er að finna á vef skólans, www.varmahlidarskoli.is undir hlekknum upplýsingar.

Í vetur hafa kannanir verið lagðar fyrir með nýju sniði. Árleg könnun sem lögð er fyrir foreldra og árleg skimun Gæðagreinanna sem lögð er fyrir kennara hafa verið settar inn í nýtt könnunarforrit sem kallast *Lime survey*. Könnunarforrit þetta er svokallaður *open source* hugbúnaður og hefur tölvuumsjónarmaður Skagafjarðar, Jóhann Friðriksson séð um að þýða það yfir á íslensku. Forritið er afar notendavænt og þægilegt í uppsetningu á könnunum og úrvinnslu þeirra. Slóðin að upplýsingum um forritið er <http://www.limesurvey.org/>

Árleg skimun kennara

Þegar unnið er eftir Gæðagreinálíkaninu er gert ráð fyrir að í lok hvers skólaárs sé gerð snöggskimun á öllum gæðagreinunum, þar sem hver kennari gefur hverju þema einkunn. Í vor var sú nýbreytni tekin upp að könnunin var sett upp í nýju könnunarforriti, *Lime survey*, sem fyrr er getið um. Könnunin er nafnlaus og var nú á vordögum send kennurum í tölvupósti. Tilgangurinn með henni er að finna út hug kennara til þess hvort

einhverjir þættir í skólastarfinu þarfnast endurbóta. Einnig að sjá hvaða þættir það eru í skólastarfinu sem eru sterkir.

Niðurstöður úr skimun

Niðurstöður úr árlegri skimun kennara á gæðagreinunum eru settar fram í töflunni hér á eftir. Reyndar eru fullyrðingarnar hér settar fram í símskeytastíl. Spurningarnar í könnuninni eru mun ítarlegri. Reiknuð er út meðaleinkunn, og hlutfall þeirra sem gefa einkunnina 3 eða 4. Í aftasta dálkinum sést sama hlutfall, miðað við sambærilega skimun í lok skólaársins 2007 – 2008.

Gæðagreinar og þemu:

Gæðagreinar og þemu heildarniðurstaða Varmahl. V 09.	Eink 1	Eink 2	Eink 3	Eink 4	Svörun	Meðaleinkunn	% m eink 3 eða 4	Vor 2008
1.1 Uppbygging skólanámskrár, breidd og jafnvægi	1	4	7	0	12	2,50	58%	85%
1.1 Uppbygging skólanámskrár, samþætting	1	8	2	1	12	2,25	25%	38%
1.1 Uppbygging skólanámskrár, stundaskrá	1	2	5	4	12	3,00	75%	92%
1.1 Uppbygging skólanámskrár, valgreinar	7	5	0	0	12	1,42	0%	38%
1.2 Gæði áætlana, breidd, jafnvægi, val	1	5	7	0	13	2,46	54%	79%
1.2 Gæði áætlana, samþætting, samfella, áframhald	1	3	9	0	13	2,62	69%	86%
1.2 Gæði áætlana, stuðningur/leiðsögn við kennara	1	5	6	1	13	2,54	54%	93%
1.3 Gæði áætlana, námsáætlanir kennara	0	3	11	0	14	2,79	79%	69%
2.1 Árangur nemenda í einstökum greinum	0	0	13	0	13	3,00	100%	100%
2.2 Árangur nemenda í samræmdum prófum	0	1	11	0	12	2,92	92%	86%
2.3 Heildarmat á gæði árangurs	0	1	11	0	12	2,92	92%	100%
3.1 Gæði kennslunnar, val á kennsluaðferðum	0	2	11	1	14	2,93	86%	100%
3.1 Gæði kennslunnar, framsetning og tilgangur	0	2	12	0	14	2,86	86%	100%
3.1 Gæði kennslunnar, samskipti milli nemenda og kennara	0	0	8	6	14	3,43	100%	100%
3.2 Gæði námsins, hvetjandi	0	0	14	0	14	3,00	100%	86%
3.2 Gæði námsins, framfarir	0	0	14	0	14	3,00	100%	93%
3.2 Gæði námsins, eigin ábyrgð nemenda á náminu	0	9	5	0	14	2,36	36%	43%
3.2 Gæði námsins, samvinna og samskipti	0	1	12	1	14	3,00	93%	93%
3.3 Þarfir nemenda, val á námsefni og verkefnum	0	3	11	0	14	2,79	79%	71%
3.3 Þarfir nemenda, hraði yfirferðar	0	3	11	0	14	2,79	79%	79%
3.3 Þarfir nemenda, reynsla og áhugasvið nemenda	1	5	7	1	14	2,57	57%	43%
3.3 Þarfir nemenda, framlag stuðningsaðila	0	0	9	5	14	3,36	100%	64%
3.4 Mat sem liður í kennslu, mats- og skráningaraðferðir	0	4	10	0	14	2,71	71%	64%
3.4 Mat sem liður í kennslu, gæði matsákvæðana	0	4	10	0	14	2,71	71%	93%

3.4 Mat sem liður í kennslu, notkun matsupplýsinga	0	3	11	0	14	2,79	79%	100%
3.5 Samskipti við foreldra, skipulag foreldrasamskipta	1	0	9	4	14	3,14	93%	100%
3.5 Samskipti við foreldra, uppl. um einstaka nemendur	0	0	11	3	14	3,21	100%	100%
3.5 Samskipti við foreldra, uppl. um skólafarfið	0	0	10	4	14	3,29	100%	100%
4.1 Umönnun, þarfir nemenda	0	0	11	3	14	3,21	100%	100%
4.1 Umönnun, stuðningur við nemendur	0	0	9	5	14	3,36	100%	100%
4.2 Þroski og lífsleikni, jákvæð viðhorf	0	0	11	3	14	3,21	100%	100%
4.2 Þroski og lífsleikni, viðburðir utan námskrár	0	5	8	1	14	2,71	64%	100%
4.3 Gæði náms- og starfsráðgjafar, val á menntun	0	7	6	0	13	2,46	46%	100%
4.3 Gæði náms- og starfsráðgjafar, tilgangur upplýsinga	0	7	6	0	13	2,46	46%	93%
4.3 Náms- og starfsráðgjöf, sérþekking	0	12	1	1	14	2,21	14%	57%
4.4 Hlutverk ráðgjafar í árangri, skilvirkni	0	3	10	0	13	2,77	77%	100%
4.4 Hlutverk ráðgjafar, gæði skráðra upplýsinga	0	4	9	0	13	2,69	69%	93%
4.4 Hlutverk ráðgjafar, notkun fyrirbyggjandi upplýsinga	0	6	7	0	13	2,54	54%	86%
4.5 Stuðningur, gæði áætlaða	0	1	12	1	14	3,00	93%	100%
4.5 Stuðningur, framfarir og árangur	0	2	12	0	14	2,86	86%	100%
4.5 Stuðningur, utanaðkomandi ráðgjöf	0	4	9	1	14	2,79	71%	86%
4.6 Reglugerð um sérkennslu, uppfylling ákvæða	0	1	8	1	10	3,00	90%	100%
4.6 Reglugerð um sérkennslu, framkvæmd ákvæða	0	1	8	1	10	3,00	90%	93%
4.6 Reglugerð um sérkennslu, þekking og skilningur	0	3	7	0	10	2,70	70%	100%
4.7 Úrræði, skilvirkni ákvarðana um sérkennslu	0	0	12	1	13	3,08	100%	100%
4.7 Úrræði, skilvirkni ákvarðana vegna sérkennslu	0	0	12	1	13	3,08	100%	100%
5.1 Starfsandi, stolt, ánægja, jafnrétti, sanngirni	0	1	7	6	14	3,36	93%	100%
5.1 Starfsandi, jákvætt andrúmsloft	0	0	5	9	14	3,64	100%	100%
5.1 Starfsandi, samskipti meðal nem. og kenn.	0	0	6	8	14	3,57	100%	100%
5.1 Starfsandi, væntingar, notkun uppörvunar	0	1	10	3	14	3,14	93%	100%
5.1 Starfsandi, hegðun og agi	0	1	10	3	14	3,14	93%	100%
5.2 Samstarf, hvatning til foreldra	0	3	10	1	14	2,86	79%	93%
5.2 Samstarf við foreldra, viðbrögð	0	2	9	3	14	3,07	86%	93%
5.2 Samstarf við foreldra, skilvirkni	0	3	8	0	11	2,73	73%	67%
5.3 Tengsl við aðrar menntastofnanir, tilgangur, notagildi	0	4	6	2	12	2,83	67%	64%
5.3 Tengsl við félagasamtök, atvinnurekendur, samfélagið í heild	0	3	6	3	12	3,00	75%	14%
5.3 Tengsl við opinberar stofnanir	0	1	9	2	12	3,08	92%	50%
6.1 Húsnæði og aðstaða	1	0	10	3	14	3,07	93%	43%
6.2 Búnaður, nægilegt fjármagn	2	1	9	2	14	2,79	79%	79%
6.2 Búnaður, nægur, fjölbreyttur, viðeigandi	0	2	10	2	14	3,00	86%	79%
6.3 Skipulag, aðgengi búnaðar	0	2	8	4	14	3,14	86%	86%
6.3 Skipulag, nýting	0	0	8	6	14	3,43	100%	86%
6.3 Skipulag, sýning	0	2	9	3	14	3,07	86%	86%
6.4 Mannafli, nægur	0	0	4	10	14	3,71	100%	100%
6.4 Mannafli, starfsfólk hæft	0	0	10	4	14	3,29	100%	100%
6.5 Nýting mannafla, skilvirkni kennarahóps	0	0	10	4	14	3,29	100%	100%
6.5 Nýting mannafla, skipting kennara á bekki	0	0	9	5	14	3,36	100%	86%
6.5 Nýting mannafla, möguleikar á stuðningi	0	0	8	6	14	3,43	100%	100%
6.5 Nýting mannafla, stuðningsfulltrúar	0	0	9	5	14	3,36	100%	100%
6.6 Starfsmat, símenntun, endurmenntunarstefna skólans	0	5	9	0	14	2,64	64%	79%
6.6 Starfsmat	0	1	11	1	13	3,00	92%	93%
6.6 Starfsmat, skilvirkni starfspróunar	0	4	10	0	14	2,71	71%	86%
6.7 Rekstur, dagleg fjárhagsstjórnun	0	0	8	5	13	3,38	100%	100%
6.7 Rekstur, fjárhagsáætlun	0	0	9	3	12	3,25	100%	100%

6.7 Fjárhagur skólans	0	0	9	4	13	3,31	100%	100%
7.1 Sjálfsmat, þátttaka starfsfólks	0	0	6	8	14	3,57	100%	100%
7.1 Sjálfsmat, millistjórnendur	0	1	8	3	12	3,17	92%	73%
7.1 Sjálfsmat, notkun matsupplýsinga	0	1	7	3	11	3,18	91%	86%
7.1 Sjálfsmat, stjórnun skólans	0	2	6	3	11	3,09	82%	60%
7.2 Þróunaráætlun, uppbygging	0	2	7	1	10	2,90	80%	
7.2 Þróunaráætlun, innihald	1	1	7	1	10	2,80	80%	
7.2 Þróunaráætlun, framsetning	1	1	7	1	10	2,80	80%	
7.3 Framkvæmd þróunaráætlunar, markmið	0	3	5	1	9	2,78	67%	
7.3 Framkvæmd þróunaráætlunar, áhrif	0	3	6	0	9	2,67	67%	
7.4 Skilvirkni skólastjórnenda, fagmennska	0	1	10	2	13	3,08	92%	100%
7.4 Skilvirkni skólastjórnenda, gæði stjórnunar	0	1	8	4	13	3,23	92%	93%
7.4 Skilvirkni skólastjórnenda, samskipti	0	0	10	4	14	3,29	100%	86%

Áform um þróunar- og nýbreytnistarf

Næstu skref í þróunar- og nýbreytnistarfi í Varmahlíðarskóla verða dregin saman hér í stuttu máli.

- Næsta vetur er áætlað að námsmatsteymi taki til starfa og endurmeti námsmatsaðferðir í Varmahlíðarskóla og geri áætlanir um þróun á námsmati. Ráðgert er að nýta möguleika sem Mentor hefur upp á að bjóða í þessu tilliti.
- Mikilvægt er að halda áfram veginn að Grænfánanum. Stýrihópur mun koma saman á starfsdögum í ágúst og leggja línurnar og gera áætlun fyrir veturinn.
- Áform eru um að uppfæra starfsmannahandbók næsta skólaár og að þeirri vinnu ljúki vorið 2010.
- Næsta skólaár verður markvisst unnið að því að koma skólanámskrá Varmahlíðarskóla í viðunandi horf.
- Samstarfi skólans og Leikskólans Birkilundar verður haldið áfram.
- Sumarlestur. Undanfarin sumur hefur bókasafn skólans staðið fyrir sumarlestri sem hefur mælst vel fyrir og aðsókn aukist jafnt og þétt. Áætlað er að halda þessu verkefni áfram og áform eru um að sækja á ný í sjóðinn *Sáttmáli til sóknar* fyrir þetta verkefni.

- Gæðagreinar. Sjálfsmatsvinna í gegnum gæðagreinana verður aðlöguð að nýrri útgáfu *How good is our school 3* sem áform eru um að verði tilbúin í íslenskri þýðingu næsta skólaár. Hugmyndin er sú að aðlaga og staðfæra gæðagreinana að þörfum Varmahlíðarskóla. Taka upp m.a. nýjan einkunnaskala skv. nýju útgáfunni ásamt fleiru.
- Eineltisáætlun Olweusar. Ætlunin er að gera átak í eineltisáætlun skólans. M.a. að allir starfsmenn skólans fái námskeið til stuðnings sínu starfi varðandi eineltismálin í upphafi næsta skólaárs.
- UTN verður áfram í boði fyrir nemendur í 10. bekk í samstarfi við FNV.
- Áform eru um að hefja Comeniusarverkefni næsta vetur hjá verðandi 5. og 6. bekkjum ef styrkur fæst. Verkefnið heitir *Healthy child- happy child*.
- Þróunarverkefni um menningararfinn og heimabyggðina verður unnið áfram á næsta skólaári

Áætlun um innra mat 2009 – 2010

Gæðagreinarnir:

Veturinn 2009 – 2010 mun sjálfsmatsvinnan verða aðlöguð að nýrri útgáfu Gæðagreinanna.

Nóvember

Foreldraviðtöl

Foreldrakönnun.

Febrúar

Nemendakönnun

Júní

Sjálfsmatsskýrsla og vorskýrsla.

Viðaukar

Viðauki I

Mat á gæðagreinum 4 um stuðning við nemendur og gæðagreinum 5 um starfsanda

- gg. 4.1 umönnun
- gg. 4.2 þroski og lífsleikni
- gg. 4.3 gæði náms- og starfsráðgjafar
- gg. 4.4. hlutverk ráðgjafar í árangri
- gg. 4.5 stuðningur
- gg. 4.6 reglugerð um sérkennslu
- gg. 4.7 úrræði vegna sérkennslunemendur
- gg. 5.1 starfsandi
- gg. 5.2 samstarf við foreldra og fræðslunefnd
- gg. 5.3 tengsl við aðra skóla, skólaskrifstofu, atvinnurekendur og samfélagið

Viðauki II

Próunarátlanir vegna gæðagreina 4 um stuðning við nemendur og vegna gæðagreina 5 um starfsanda

- gg. 4.1 umönnun
- gg. 4.2 þroski og lífsleikni
- gg. 4.3 gæði náms- og starfsráðgjafar
- gg. 4.4. hlutverk ráðgjafar í árangri
- gg. 4.5 stuðningur
- gg. 4.6 reglugerð um sérkennslu
- gg. 4.7 úrræði vegna sérkennslunemenda
- gg. 5.1 starfsandi
- gg. 5.2 samstarf við foreldra og fræðslunefnd
- gg. 5.3 tengsl við aðra skóla, skólaskrifstofu, atvinnurekendur og samfélagið

**Stuðningur við nemendur
Umönnun**

**Lykilþáttur 4
Gæðagreinir 4.1**

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

Okkar mat:

		1	2	3	4
A	Starfsfólk skólans er einhuga um að skapa andrúmsloft, þar sem traust, virðing og sjálfstraust skipa veglegan sess.				4
B	Umsjónarkennarar gefa sér nægan tíma til samskipta við foreldra				4
C	Umsjónarkennarar koma nauðsynlegum bakgrunnsupplýsingum um einstaka nemendur áfram til allra starfsmanna, sem hafa afskipti af nemandanum				4
D	Starfsfólk lætur sig tilfinningalegar, líkamlegar og félagslegar þarfir nemenda varða				4
E	Starfsfólk tekur mið af bakgrunnsupplýsingum				4
F	Skólastjórnendur leggja sig fram um að tryggja að komið sé til móts við tilfinningalegar, líkamlegar og félagslegar þarfir nemenda				4
G	Skólastjórnendur leggja sig fram um að tryggja að nauðsynlegur stuðningur vegna þarfa nemenda sé til staðar				4
H	Skilvirkar aðferðir eru notaðar til að greina þarfir nemenda og grípa inn í ef á þarf að halda, af starfsfólki eða utanaðkomandi aðilum			3	

Við okkar skóla/í okkar hópi álitum við að einnig sé mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, að:

L					
M					

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

Umsjónarkennarar hafa góð samskipti við foreldra, haldnir eru haustfundir, foreldrafundir og fastir viðtalstímar.

Reglulegir samráðsfundir með öllu starfsólki skólans þar sem rætt er um nemendur, stöðu þeirra og líðan.

Sálfræðingur, talmeinafræðingur, hjúkrunarfræðingur, sérkennsluráðgjafi og uppeldis- og sálfræðiráðgjafi koma reglulega.

Nemendur geta leitað til námsráðgjafa.

Veiku hliðarnar okkar:

Félagsráðgjafi mætti koma ef á þyrfti að halda

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

Gott samstarf milli alls starfsfólks skólans, foreldra og nemenda.

	1	2	3	4
Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:				4

Tillögur um aðgerðir:

Halda áfram á sömu braut

**Stuðningur við nemendur
Þroski og lífsleikni**

**Lykilþáttur 4
Gæðagreinir 4.2**

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

Okkar mat:

		1	2	3	4
A	Langflestir nemendur þroska með sér sjálfsvitund, lífsleikni og sjálfstraust varðandi eigin getu og þekkingu			X	
B	Þeir sýna sjálfstæði og samvinnu, bæði félagslega og í skólastarfinu			X	
C	Hegðun þeirra sýnir almennt umhyggju og umburðarlyndi gagnvart öðrum			X	
D	Skólinn sér nemendum oft og reglulega fyrir tækifærum til að sýna hvað í þeim býr og njóta ávaxta þess			X	
E	Nemendur fá tækifæri og eru hvattir til að taka þátt í ýmsu starfi sem ekki fellur beint undir skólanámskrá. Má þar nefna félgsstörf, aukanámskeið, heimsóknir utanaðakomandi aðila, t.d. úr atvinnulífinun í byggðarlaginu, svæðisbundin félög semþó eru ekki tengd skólanum, skólaferðalög o.fl.			X	

Við þetta mat er eftirfarandi lagt til grundvallar.

Langflestir=90%+ gefur matið 4

Flestir =67%+ gefur matið 3

Meirihluti =50%+ gefur matið 2

Annars er matið 1

Við okkar skóla/í okkar hópi álitum við að einnig sé mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, að:

L					
M					

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Allir nemendur fá tækifæri til að þroska með sér sjálfsvitund og sjálfstraust bæði félagslega og námslega.
- Nemendur fá tækifæri til að sýna hvað í þeim býr.

Veiku hliðarnar okkar:

- Nemendur mættu fá fleiri tækifæri til að taka þátt í ýmsu starfi ótengdu skólanámskrá.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

Að allir nemendur fái að njóta sín á eigin forsendum og þroska með sér færni og sjálfstraust bæði námslega og félagslega.

	1	2	3	4
Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:			X	

Tillögur um aðgerðir:

Að allir starfsmenn skólans starfi saman að því markmiði að allir nemendur fái tækifæri til að auka þroska sinn í skólastarfinu.

**Stuðningur við nemendur
Gæði náms- og starfsráðgjafar**

**Lykilþáttur 4
Gæðagreinir 4.3**

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

Okkar mat:

		1	2	3	4
A	Undirbúningur loka grunnskólanáms nær yfir marga markvissa þætti. Nefna má sjálfsmat færni og áhugasviða, mjög góðar upplýsingar um frekara nám og starfsmöguleika, góða notkun á starfs- og skólaupplýsingum á bókasafni og gagnleg samskipti við náms- og starfsráðgjafa			x	
B	Starfskynningar eru vel skipulagðar og gagnlegar				x
C	Allt er þetta við hæfi allra nemenda og aðgengilegt fyrir foreldrana líka		x		
D	Nemendur hafa aðgang að skýrum, greinargóðum upplýsingum og þess er gætt að þær séu ávallt nýjar og réttar. Hér er átt við nám að loknum grunnskóla, um starfsmöguleika og um ýmsa löggjöf tengda atvinnumálum, skattamálum og tryggingum		x	x	
E	Námsráðgjafar eru vel að sér varðandi stöðu einstakra nemenda og vinna með öðru starfsfólki (t.d. umsjónarkennurum) til að undirbúa viðtöl um viðeigandi náms- og starfsleiðir			x	
F	Samskipti milli ráðgjafa og nemenda eru góð				x
G	Nemendur (og foreldrar þar sem það á við) eiga kost á einstaklingsviðtölum við ráðgjafa				x

Við í okkar skóla/í okkar hópi álitum við að einnig sé mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, að:

L					
M					

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

Skólinn er lítil eining og aðgangur að upplýsingum og nemendum er góður. Tekin hafa verið einstaklingsviðtöl við alla nemendur 8. – 10. bekkjar á skólaárinu. Nemendur 9. bekkjar hafa farið í starfskynningar – þar sem þeir kynna sér störf á sínu áhugasviði.

Veiku hliðarnar okkar:

Undanfarin ár hefur ekki starfað lærður náms- og starfsráðgjafi við skólann. Ekki hefur verið hægt að leggja fyrir áhugasviðskannanir, sem eru einn af grunnþáttum námsráðgjafar. Starfshlutfall námsráðgjafar hefur minnkað undanfarin ár og þ.a.l. hefur tími fyrir hvern nemanda óhjákvæmilega orðið minni.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

Að við skólann sé starfandi lærður náms- og starfsráðgjafi, svo sú þjónusta sem hann veitir verði sem markvissust.

	1	2	3	4
Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:			x	

Tillögur um aðgerðir:

E.t.v. er hægt að samnýta náms- og starfsráðgjafastöðu með öðrum skólum í héraðinu og með því yrði starfið markvissara.

**Stuðningur við nemendur
Hlutverk ráðgjafar í árangri**

**Lykilþáttur 4
Gæðagreinir 4.4**

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

Okkar mat:

		1	2	3	4
A	Góð samvinna er um skráningu upplýsinga milli námsrágjafa, kennara (greinakennara, umsjónarkennara) og stuðningsaðila			x	
B	Námsráðgjafi og /eða umsjónarkennari skoðar þessar skýrslur og ræðir þær (á uppbyggjandi hátt) við nemendur		x	x	
C	Kerfisbundin skráning er á árangri nemenda og settum markmiðum	x			
D	Nemendur eru hvattir til að meta eigin framfarir og getu, t.d. með tilliti til samræmdra prófa			x	
E	Þeir (og foreldrar þeirra) eru hvattir til að ræða þessi mál		x		
F	Ítarleg og gagnleg skráning á getu nemenda er framkvæmd af námsrágjafa og/eða umsjónarkennara og einstökum nemendum í sameiningu		x		
G	Námsráðgjafi og/eða umsjónarkennari nýtir vel skráðar upplýsingar um einstaka nemendur, t.d. við undirbúning einstaklingsviðtala og til að hjálpa nemandanum til að setja sér raunhæf markmið			x	
H	Árangur nemenda er reglulega borinn saman við sett markmið og frávik (jákvæð eða neikvæð) eru rædd og brugðist við þeim	x			
I	Nemendum er kennt að skrifa starfsumsóknir	x			

Við okkar skóla/í okkar hópi álitum við að einnig sé mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, að:

L					
M					

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

Flæði upplýsinga er gott svo og samvinna milli aðila.

Kerfisbundið er rætt við alla nemendur, af námsráðgjafa, á unglingsstigi skólans.

Veiku hliðarnar okkar:

Hlutverk náms- og starfsráðgjafar við skólann hefur fram til þessa meira verið fólgið í „sálfræði-“ aðstoð við nemendur en eiginlegri náms- og starfsráðgjöf.

Nemendur ekki gerðir nógu ábyrgir fyrir námi sínu - og meðvitaðir um árangur sinn.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

Að nemendur séu gerðir virkari og ábyrgari í námi sínu. Setji sér markmið og reyni að ná þeim í samvinnu við kennara og foreldra.

	1	2	3	4
Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:		x		

Tillögur um aðgerðir:

Endurskoða námsmatsaðferðir með það að markmiði að nemendur verði ábyrgari og meðvitaðri um framvindu námsins.

Stuðningur við nemendur
Stuðningur

Lykilþáttur 4
Gæðagreinir 4.5

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

Okkar mat:

		1	2	3	4
A	Vinnuáætlanir eru vel gerðar og aðlagðar að getu einstaklingsins þannig að sérhver nemandi getur tekið fullan þátt og náð hámarksframförum í öllum greinum			x	
B	Markmið, viðfangsefni og verkefni eru valin þannig að tekið er tillit til þarfa einstakra nemenda.				x
C	Þar sem við á, er kerfisbundið séð fyrir stuðningi fyrir þá nemendur, sem á honum þurfa að halda				x
D	Stuðningsaðilar taka virkan þátt í gerð áætlana, þar sem það á við			x	
E	Allir sérkennslunemendur sýna stöðugar framfarir í átt að markmiðum í einstaklingsnámskrám			x	
F	Þegar tillit er tekið til sérþarfa þessara nemenda, er árangur þeirra góður			x	
G	Stuðningur utanaðkomandi sérfræðinga eða stuðningsaðila er skilvirkur				x

Við okkar skóla/í okkar hópi álítum við að einnig sé mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, að:

L	Stuðningur tveggja elstu bekkja í 1. bekk í lestrarkennslu er til fyrirmyndar, en þetta er samstarf umsjónarkennara 1. bekkjar og íslenskukennara þeirra elstu. Þetta samstarfsverkefni þar sem blöndun á sér stað mætti gera meira úr.				
M	Sálfræðiþjónusta við nemendur sé tryggari en reynsla er fyrir. Það er slæmt fyrir barnið og fjölskyldu þess þegar falla niður tímar sem búið var að ákveða.				

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

Allir nemendur sem þurfa á stuðningi að halda fá úrlausn.

